

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 21
105 Reykjavík

dags. 13.07.2026
Verkefnanúmer A272239

Fráveita Hveragerðis – Stækkun skólphreinsistöðvar – Viðbrögð við umsögnum við matsskyldufyrirspurn

Hveragerðisbær hefur móttengið umsagnir frá umsagnaraðilum við matsskyldufyrirspurn fyrir stækkun skólphreinsistöðvar bæjarins. Fyrirspurnin var send til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar 18. maí 2026 og gaf stofnunin frest til að skila umsögnum til 15. júní 2026. Alls bárust 7 umsagnir. Umsagnir og viðbrögð Hveragerðisbæjar við þeim má sjá hér að neðan.

1 Fiskistofa

Umsögn Fiskistofu	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Fiskistofa vísar til umsagnar Hafrannsóknastofnunar í málinu og bendir einnig á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.	Sótt verður um öll tilskilin leyfi, þ.m.t. leyfi Fiskistofu í samræmi við lög og með umsókninni mun fylgja álit veiðifélags og umsögn sérfræðings.

2 Hafrannsóknarstofnun

Umsögn Hafrannsóknarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Álag á lífríki Varmár hefur verið umtalsvert um langt skeið og því er hér, að mati Hafrannsóknastofnunar, verið að ráðast í mjög tímabæra framkvæmd. Rétt er að benda á að Varmá og bakkar hennar eru á náttúruminjaskrá, auk þess sem votlendi (sem áin er) og nútímahraun eru vernduð skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Hafrannsóknastofnun tekur undir umsögn Náttúruverndarstofnunar og telur æskilegt að gerð verði vöktunar- og viðbragðsáætlun gagnvart verndarsvæðinu og lífríki Varmár bæði á framkvæmda- og rekstrartíma skólphreinsistöðvarinnar. Þó að öllu jöfnu sé það skoðun Hafrannsóknastofnunar að fullt mat á umhverfisáhrifum skili betra verklagi og sé til þess fallið að gera verkefni betri en ella, þá telur Hafrannsóknastofnun að gerð sé nægilega góð grein fyrir framkvæmdinni og ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.	Vöktunar- og viðbragðsáætlanir verða settar fram í tengslum við leyfisveitingar á seinni stigum og verður m.a. horft til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur upp í umsögn sinni og sjá má hér á eftir. Mælingar og sýnatökur á rekstrartíma verða í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.

3 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Lagagrundvöllur Umsögnin byggir einkum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, lögum nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 skal starfsleyfisskyldur atvinnurekstur hafa gilt starfsleyfi og starfsemi skal uppfylla kröfur samkvæmt lögunum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Þá er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða eða breyta starfsleyfi ef breytingar verða á rekstri sem varðað geta starfsleyfisskilyrði. Reglugerð nr. 1450/2025 gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps og hefur það markmið að vernda almenning og umhverfi gegn mengun af völdum losunar skólps. Þar kemur fram að heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og veita starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar, nema um starfsemi sé að ræða sem fellur undir starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Samkvæmt reglugerð nr. 1450/2025 skal skólp almennt hreinsað með tveggja þrepa hreinsun áður en því er veitt út í umhverfið. Skólp sem veitt er í ferskvatn eða ármynni frá þéttbýli þar sem fjöldi persónueininga er yfir 2.000 skal uppfylla losunarmörk samkvæmt viðauka I reglugerðarinnar. Samkvæmt lögum nr. 9/2009 ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu og í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Í fráveitulögum skal ofanvatn og skólp aðgreint nema annað sé heimilað. Reglugerð nr. 796/1999 hefur það markmið að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum, stuðla að almennri verndun vatns og tekur m.a. til mengunarvarna, flokkunar vatns, gæðamarkmiða og umhverfismarkna fyrir vatn. Mat á gögnum og athugasemdir Fyrirhuguð framkvæmd er almennt til þess fallin að bæta núverandi ástand fráveitumála í Hveragerði, þar sem fyrir liggur að núverandi hreinsistöð er komin yfir hönnunarforsendur sínar og að ástand Varmár neðan útrásar hefur ekki verið viðunandi. Sérstaklega er jákvætt að gert sé ráð fyrir aukinni afkastagetu, bættri lífrænni hreinsun og UV-sóttgreinsun til að draga úr gerlamengun. Heilbrigðiseftirlitið telur þó að eftirfarandi atriði þurfi að tryggja áður en framkvæmdir og/eða breyttur rekstur hefjast:	Ekki er þörf á viðbrögðum.
1. Starfsleyfi / breyting á starfsleyfi Endurskoða þarf starfsleyfi hreinsistöðvarinnar eða gefa út nýtt starfsleyfi, eftir því sem við á, áður en breyttur rekstur hefst. Í starfsleyfi þurfa að koma fram	Sótt verður um öll tilskilin leyfi, þ.m.t. starfsleyfi heilbrigðiseftirlits í samræmi við ákvæði reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
skýr losunarmörk, kröfur um hreinsivirkni, vöktun, skráningu, viðbragðsáætlanir og tilkynningarskylda vegna frávíka.	
2. Vöktun frárennslis og viðtaka Gera þarf vöktunaráætlun fyrir Varmá, bæði ofan og neðan útrásar, og fyrir frárennslis frá stöðinni. Hún þarf að ná til rennslis, BOD, COD, svifagna, köfnunarefnis, fosfórs og gerlamengunar, auk annarra þátta sem starfsleyfisveitandi telur nauðsynlega. Fyrir hreinsivirki sem þjóna 2.000 persónueiningum eða fleiri gerir reglugerð nr. 1450/2025 ráð fyrir símælingum á rennslis og reglubundinni sýnatöku til að sannreyna að losunarmörk séu haldin.	Gert er ráð fyrir að í starfsleyfi verði sett upp vöktunaráætlun til að meta áhrif skólphreinsistöðvarinnar á Varmá sem tekur mið af því sem framkvæmt var af Umhverfisstofnun og vísað er til í Vöktunaráætlun Vatnaáætlunar 2022-2027. Mælingar og sýnatökur á frárennslis verða í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
3. Ástand Varmár og tímabundin áhrif á framkvæmdatíma Í gögnum kemur fram að meðan á áfanga 2 stendur kunni skólp tímabundið að fara aðeins í gegnum eins þreps hreinsun í um sex mánuði. Heilbrigðiseftirlitið telur að þetta atriði þurfi að útfæra nánar áður en framkvæmdir hefjast. Leggja þarf fram verklýsingu og áhættumat um meðhöndlun skólps á framkvæmdatíma, áætla losunarmagn, áætluð áhrif á viðtaka, mótvægisáðgerðir, tíðni sýnatöku og viðbragðsáætlun ef mengun eykst eða losun fer yfir viðmiðunarmörk.	Framkvæmdaaðili tekur undir umsögn heilbrigðiseftirlits og verður þetta útfært nánar áður en framkvæmdir hefjast. Eins og fram kemur í svari við umsögn Hafrannsóknarstofnunar hér á undan verða settar fram vöktunar- og viðbragðsáætlanir í tengslum við leyfisveitingar á seinni stigum og verður m.a. horft til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur upp í umsögn sinni.
4. Yfirföll og ofanvatn Þar sem gögn málsins benda til þess að hluti ofanvatns fari inn á skólphreinsistöðina þarf að gera grein fyrir aðgerðum til að draga úr innrennslis ofanvatns í skólperfið. Sérstaklega þarf að skrá og lágmarka yfirföll. Reglugerð nr. 1450/2025 gerir ráð fyrir að tilvikum þar sem skólp fer um yfirfall sé haldið í lágmarki.	Hjá Hveragerðisbæ er vinna í gangi við að aftengja ofanvatn frá skólplögnum.
5. Seyra, ristarúrgangur, sandur, fita og olía Í starfsleyfi þarf að gera skýrar kröfur um meðhöndlun, geymslu, flutning og endanlega ráðstöfun seyru, ristarúrgangs, sands, fitu og olíu. Þar sem áætlað er að magn seyru aukist verulega við bætta hreinsun þarf að liggja fyrir að móttaka, meðhöndlun og ráðstöfun seyru sé tryggð með fullnægjandi hætti.	Sótt verður um öll tilskilin leyfi, þ.m.t. starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, þar sem m.a. verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem heilbrigðiseftirlitið bendir á í umsögn sinni.
6. Lyktarmengun og rekstraröryggi Gera þarf kröfur um reglulegt viðhald lyktarsíu/biofilter, hreinsun búnaðar, skráningu kvartana og úrbætur ef lyktarónæði verður. Einnig þarf að tryggja að neyðar- og varaúrræði séu til staðar ef bilun verður í lykilbúnaði hreinsistöðvar.	Gert er ráð fyrir að sett verði inn ákvæði um þennan þátt í starfsleyfi í samráði við heilbrigðiseftirlit.
7. Samráð og önnur leyfi Framkvæmdin er háð öðrum leyfum, m.a. byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi, starfsleyfi, leyfi Fiskistofu eftir atvikum og leyfi Minjastofnunar vegna framkvæmda innan friðhelgaðs svæðis fornleifa. Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki	Ekki er þörf á viðbrögðum.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
athugasemd við þá upptalningu en leggur áherslu á að niðurstaða um matsskyldu liggi fyrir áður en leyfisveitingar sem ráðast af henni eru afgreiddar.	
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir skólphreinsistöð í Hveragerði. Með vísan til framangreinds gerir heilbrigðiseftirlitið ekki athugasemd við að fyrirhuguð framkvæmd verði ekki háð mati á umhverfisáhrifum, enda er framkvæmdin að meginstefnu til úrbóta á núverandi fráveitukerfi og er líkleg til að draga úr mengunarálagi á Varmá til framtíðar. Afstaða þessi er þó háð því að framangreind atriði verði tekin til fullnægjandi meðferðar við útgáfu eða endurskoðun starfsleyfis, einkum varðandi tímabundna skerta hreinsun á framkvæmdatíma, vöktun Varmár, losunarmörk, yfirföll, meðhöndlun seyrur og viðbragðsáætlanir vegna mengunaráhappa eða frávika í rekstri. Embættið telur að tilkynningin geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir fráveitumannvirkjum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ofangreindra reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.	Ekki er þörf á viðbrögðum.

4 Minjastofnun

Umsögn Minjastofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Fjallað er um fornleifar í kafla 2.4, bls 12 í greinargerðinni og er sú umfjöllun skilmerkileg. Byggingarreiturinn er nokkuð raskaður og á honum er ekki kunnugt um minjar. Hin svokallaða Sognstöft (ÁR 521-:020) stendur fast austan við byggingarreitinn og mótar greinilega fyrir henni. Mikilvægt er að girða hana af á framkvæmdatíma, svo hún verði ekki fyrir skemmdum í ógáti, og að halda jarðraski í námunda við hana í lágmarki. Að öðru leyti eiga minjar ekki að lenda í uppnámi vegna þessara framkvæmda. Frá sjónarhóli fornminjavörslu er ekki talin þörf á að framkvæmd þessi fari í umhverfismat.	Til stendur að girða Sognstöft af á framkvæmdatíma.

5 Náttúrufræðistofnun

Umsögn Náttúrufræðistofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Framkvæmdasvæðið er á nútímahrauni sem er að miklu leyti hulið jarðvegi auk þess sem því hefur verið raskað á fyrirhuguðum byggingarreit. Þá er framkvæmdasvæðið innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi og þó að byggingarreiturinn sé ekki stór og hafi þegar verið raskað er æskilegt að framkvæmdir verði utan varptíma til að lágmarka áhrif á fuglalíf. Framkvæmdasvæðið er við Varmá en Varmá og Ölfusforir eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Varmá hefur verið undir miklu álagi og er mikilvægt að skaðleg efni berist ekki frá skólphreinsistöðinni og út í Varmá og ætti að setja skilyrði um vöktun, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma skólphreinsistöðvarinnar, og að gerðar verði áætlanir um viðbrögð ef mengandi efni berast frá stöðinni. Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.	Sveitarfélagið mun eftir fremsta megni haga framkvæmdum þannig að þær valdi sem minnstu ónæði fyrir fugla á varptíma. Vöktunar- og viðbragðsáætlanir verða settar fram í tengslum við leyfisveitingar á seinni stigum og verður m.a. horft til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur upp í umsögn sinni hér á undan.

6 Náttúruverndarstofnun

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Verndarsvæði Í greinargerð er þess getið að austan við framkvæmdarsvæðið rennur Varmá og áin og bakkar hennar eru á C-hluta náttúru-minjaskrár – svæði nr. 751. Varmá og Ölfusforir. Þá heyrir áin og bakkar hennar undir hverfisvernd HV1 skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029. Framkvæmdir eru utan marka þessara verndarsvæða. Þess er getið að framkvæmdir munu ekki fara fram á vatnsverndarsvæði eða í nágrenni við vatnsból. Náttúruverndarstofnun telur að í matsskyldufyrirspurn skorti nánari umfjöllun um verndarsvæðið og möguleg áhrif framkvæmda og reksturs skólphreinsistöðvarinnar á verndarsvæðið. Æskileg mótvægisáðgerð væri gerð vöktunar- og viðbragðsáætlunar gagnvart verndarsvæðinu og lífríki Varmár bæði á framkvæmda- og rekstrartíma skólphreinsistöðvarinnar.	Vöktunar- og viðbragðsáætlanir verða settar fram í tengslum við leyfisveitingar á seinni stigum og verður m.a. horft til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur upp í umsögn sinni hér á undan.
Hraun – sérstök vernd Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið liggur á nútímahrauni, Helliðarhrauni sem rann úr Hengli fyrir rúmum 10.000 árum. Landið er að mestu gróin tún og mosa- og sinuvaxnir hraungeirar. Náttúruverndarstofnun bendir á að hraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruferla, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði lagt mat á hvort hraun á framkvæmdasvæðinu teljist falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar eða hvort um sé að ræða hraun sem orpið er eða hulið jarðvegi og gróðri. Þar sem ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hafa jarðminjarnar að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þeirra og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.	Við stækkun núverandi skólphreinsistöðvar verður ekki komist hjá því að rask verði innan svæðis þar sem jarðmyndanir einkennast af nútímahrauni. Líkt og Náttúruverndarstofnun bendir á kemur fram í frumvarpi til laga um náttúruvernd að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun eða „hraunvistgerð“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Framkvæmdaraðili telur það nokkuð ljóst að þessi lýsing eigi við um fyrirhugað framkvæmdasvæði sem er gróið að mestu en hefur annars nú þegar verið raskað. Vísað er í mynd 2.3 í greinargerð.
Framkvæmd Stofnunin bendir einnig á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra þeirra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúru-minjanna sem í húfi eru og hagsmundi af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3.	Sótt verður um öll tilskilin leyfi, þ.m.t. framkvæmda- og byggingarleyfi. Þá verður lögð áhersla á að lágmarka rask og vanda til verka við yfirborðsfrágang. Sérstaklega verður horft til sýnilegra hraunmyndana. Hraun sem sést á myndum 2.5 og 2.9 í greinargerð er utan framkvæmdasvæðis og mun ekki raskast.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Náttúruverndarstofnun telur að nákvæmari umfjöllun um hraun og verndargildi hraunsvæða í greinargerð matsskyldufyrirspurnarinnar hefði verið æskileg. Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð.	Mögulegt er að setja fram kröfur varðandi umgengni og frágang í útboðsgögn til verktaka.
Fuglalíf og vistgerðir Í umhverfismatskafla greinargerðarinnar kemur eftirfarandi fram: <i>„Framkvæmdir fara fram innan svæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi og er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands. Svæðið er víðfeðmt og nær frá Markarfljóti vestur að Helliðsheiði, alls 340.000 ha. Á svæðinu er mikið fuglalíf, m.a. þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Þá dvelja farfuglar þar hópum saman vor og haust og töluvert fuglalíf er á vetrum við auðar ár og vötn. Suðurlandsundirlendi hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm og á fartíma fyrir álf, heiðagæs, blesgæs og grágæs.</i> <i>Framkvæmdir fara ekki fram innan svæðis á náttúruumjaskrá og ekki er um að ræða votlendissvæði. Þá fara framkvæmdir fram á þegar röskuðu landi og því er ekki talin ástæða til að ætla að breytingar á svæðinu muni hafa áhrif á búsvæði fugla. Fuglar gætu orðið fyrir áhrifum á framkvæmdatíma vegna hávaða en þar sem framkvæmdasvæðið er í nágrenni við athafnasvæði og Suðurlandsveg eru áhrif þeirrar truflunar metin minniháttar. Vegna umfangs framkvæmda og staðsetningar, og þar sem svæðið hefur þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda eru áhrif á fuglalíf metin óveruleg.”</i> Í greinargerð framkvæmdaáðila kemur fram að stærstur hluti fyrirhugaðs stækkunarsvæðis sé tún og ræktað land. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar nær útbreiðsla vistgerða með mjög hátt verndargildi (Gulstararflóavist) ekki inn á umrætt framkvæmdasvæði.	Ekki er þörf á viðbrögðum.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðhelgir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög. Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar á Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóa, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla. Náttúruverndarstofnun bendir á að heiðlóa, lóupræll, spói, jaðarkan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofninn verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru að jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar. Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025, en síðasti válisti hafði verið birtur 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeyðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessa hnignun.	Eins og fram kemur í 1. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem vísað er í, merkir friðun í lögnum bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Þessi lög eiga aðallega við um veiðar á fuglum en þó má nefna að ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin muni auka vanhöld eða draga úr viðkomu fugla. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið sem nær yfir stækkun hreinsistöðvarinnar. Fyrirhuguð stækkun rúmast innan leyfilegs byggingarmagns og er innan byggingarreits. Framkvæmdir fara fram innan svæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði. Á svæðinu er þétt varp m.a. spóa, jaðrakans og stelks. Framkvæmdir fara fram á þegar röskuðu landi og því er ekki talin ástæða til að ætla að breytingar á svæðinu muni hafa áhrif á búsvæði fugla.
Náttúruverndarstofnun bendir á að á vinnslutíma og rekstartíma skólphreinsistöðvarinnar gæti orðið truflun vegna umferðar og hávaða sem haft getur bein eða óbein áhrif á fuglalíf svæðisins og einnig á verndarsvæðinu við Varmá. Í greinargerð hefur því verið æskilegt að hafa nánari umfjöllun um hvaða leiðir yrðu farnar til valda sem minnstri röskun á fuglalífi. Náttúruverndarstofnun bendir á að jaðaráhrif vegna bygginga og starfseminnar geta valdið því að fuglar færi sig frá svæðinu og að óvist sé hvernig þeim gengur að nýta ný bú- eða fæðusvæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að æskilegt er að framkvæmdir fari ekki fram á varptíma fugla. Að síðustu skal bent á að allir villtir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og við mat á áhrifum þarf	Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla felast aðallega í beinu raski vegna mannvirkjagerðar og vegna truflunar á framkvæmdatíma. Líkt og áður sagði fara framkvæmdir fram á þegar röskuðu landi og því er ekki talin ástæða til að ætla að breytingar á svæðinu muni hafa áhrif á búsvæði fugla innan þess. Fuglar gætu orðið fyrir áhrifum á framkvæmdatíma vegna hávaða en þar sem framkvæmdasvæðið er í nágrenni við athafnasvæði og Suðurlandsveg (< 200 m) eru áhrif þeirrar truflunar metin minniháttar. Um er að ræða tímabundin áhrif sem eru bundin við byggingarreitinn. Sveitarfélagið mun eftir fremsta megni haga framkvæmdum þannig að þær valdi sem minnstu ónæði fyrir fugla, og þá sérstaklega á varptíma.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
jafnframt að hafa hliðsjón af markmiðum laga nr. 60/2013 um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.	Enginn hávaði er frá hreinsistöðinni sjálfri á rekstrartíma. Þá er ekki gert ráð fyrir að ónæði í tengslum við rekstur stöðvarinnar verði umfram það sem það er í dag.
Landslag Í greinargerð kemur fram að möguleg áhrif á landslag og sjónræna þætti tengjast mannvirkjagerð innan byggingarreits. Rask mun aðallega fara fram innan byggingarreits á svæði sem þegar hefur orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda. Þá verður lögð áhersla á að lágmarka rask og vanda til verka við yfirborðsfrágang. Vegna þeirrar starfsemi og þeirra mannvirkja sem eru á svæðinu í dag, bæði núverandi hreinsistöðvar og athafnasvæðisins er ekki verið að breyta ásjýnd svæðisins svo um munar og því eru áhrif á ásjýnd talin óveruleg. Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsóknna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásjýnd svæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar er líklegt að framkvæmdin hafi staðbundin áhrif á landslag, einkum vegna aukins byggingarmagns.	Líkt og fram kemur í greinargerð er byggingin í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þá er áætlað er að klæðning byggingarinnar verði í dökkum náttúruleitum svo byggingin blandist vel inn í umhverfið en útlit verður nánar útfært í samstarfi við arkitekt. Staðsetning, lega og stærð ræðst aðallega af núverandi skólphreinsistöð og þeim nauðsynlegu úrbótum sem fyrirhugaðar eru. Sótt verður um öll tilskilin leyfi.
Lífrænn úrgangur Í greinargerð kemur fram að úrgangi úr grófsíum sé safnað saman í gáma sem tæmdir eru reglulega og innihaldið sent til urðunar. Þá fer sandur sem síast frá í gegnum sandhreinsi og þaðan í gám sem tæmdur er reglulega. Áætlað er að þegar nýja stöðin er komin í gagnið falli til um 7-8 tonn af ristarúrgangi á ári og allt að 5-6 tonn af sandi. Fitu og olíu úr fitugildrunni og seyru úr útrenslissíunum er dælt yfir í núverandi byggingu þar sem seyruþykking fer fram. Í dag er seyra meðhöndluð með kalki í skólphreinsistöðinni og hún flutt í seyruvinnsluna á Flúðum þar sem hún fer til dreifingar á uppblásnu landi á hálendinu. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að gerð sé skýrari grein fyrir meðhöndlun, flutningi og endanlegri ráðstöfun þessa úrgang, hvaða aðilar taki við honum og hvort nauðsynleg aðstaða og leyfi liggja fyrir. Ef ráðgert er að nýta úrganginn sem áburð þarf að gera grein fyrir hvar og með hvaða hætti honum verður ráðstafað, svo sem á túnum eða við uppgræðslu og landgræðslu, og meta umhverfisáhrif slíkrar nýtingar á jarðveg, gróður og vatn.	Gert er ráð fyrir að meðhöndlun og ráðstöfun úrgangs verði með sama móti og er í dag. Líkt og fjallað er um í kafla 2.6.3 í greinargerð er seyra flutt í seyruvinnsluna á Flúðum. Sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að seyruvinnslunni á Flúðum. Seyruverkefnið er rekið undir byggðasamlaginu Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. (UTU) og er unnið í nánú samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Ristarúrgangur fer til þjónustuaðila í úrgangsmálum sem er með öll tilskilin leyfi til móttöku og meðhöndlunar á úrgangi.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Rekstur meðan á framkvæmdum stendur Í greinargerð er farið yfir áfangaskiptingu framkvæmdarinnar. Þar er þess m.a. getið að ekki liggi endanlega fyrir hvernig meðhöndlun skólps verði háttáð meðan á framkvæmdum stendur en að það verði útfært nánar í fullnaðarhönnun. Líklegt er að á meðan unnið verði að 2. Áfanga muni hreinsun tímabundið einungis fara í gegnum eins preps hreinsun. Í greinargerðinni kemur einnig fram að þar sem núverandi hreinsun er mjög óskilvirk sé gert ráð fyrir þetta muni hafa lítil áhrif á líffræðilega og efna- og eðlisfræðilega gæðapætti Varmár en ekki er gert ráð fyrir að ástand Varmár hnigni meðan á framkvæmdum stendur þar sem núverandi ástand Varmár er ekki viðunandi. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomuleg á hreinsun muni standa yfir í u.þ.b. 6 mánuði. Ákjósanlegt væri að framkvæmdir við áfanga 2 færu fram yfir vetrartímann þegar lífríki í ánni er í lágmarki. Þá má einnig búast við að álag á skólperfið t.a.m. vegna ferðamanna verði í lágmarki. Náttúruverndarstofnun bendir á að hér er nokkur óvissa um framkvæmd og lausn liggur ekki fyrir hvernig skólphreinsun verði háttáð á framkvæmdatíma. Því telur stofnunin nauðsynlegt að sett verði fram nákvæm áætlun um tímabundna lausn hreinsunar, vöktun og viðbragðsáætlun. Þá telur Náttúruverndarstofnun nauðsynlegt að framkvæmd þessa verkþátar fari fram að vetri.	Vöktunar- og viðbragðsáætlanir verða settar fram í tengslum við leyfisveitingar á seinni stigum og verður m.a. horft til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur upp í umsögn sinni hér á undan. Sveitarfélagið mun eftir fremsta megni haga framkvæmdum þannig að tímabundin skerðing hafi sem minnst áhrif á ástand Varmár.
Niðurstaða Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð stækkun skólphreinsistöðvarinnar og 390 fermetra nýbyggingar á skilgreindu iðnaðarsvæði innan lóðar sem er rúmlega 7 ha. Um sé að ræða svæði sem jarðmyndanir einkennist af nútímahrauni og vistgerðum er hafa ekki mjög hátt eða hátt skilgreint verndargildi. Náttúruverndarstofnun telur að gera þurfi skýrari grein fyrir áhrifum framkvæmdar á jarðmyndanir og að fyrir liggi hvort um sé að ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar eða sandorpið hraun. Náttúruverndarstofnun bendir á að líklegt er að á framkvæmdar- og rekstrartíma skólphreinsistöðvarinnar muni áhrif á fuglalíf svæðisins verða nokkur og skýrari umfjöllun þurfi um aðgerðir til að takmarka þau. Stofnunin telur að áhrif á ásýnd og landslag verði staðbundin vegna aukins byggingarmagns. Þá telur stofnunin að gera þurfi nánari grein fyrir meðhöndlun og ráðstöfun úrgangs. Náttúruverndarstofnun bendir á óvissu vegna reksturs á framkvæmdatíma og nauðsyn þess að sett verði fram skýr áætlun um um hreinsun, vöktun og viðbragðsáætlun.	Sjá viðbrögð hér að ofan.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Að mati Náttúruverndarstofnunar kalla framangreind atriði ekki á að framkvæmdin sæti mati á umhverfisáhrifum, enda verði þau tryggð með skýrum skilyrðum í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi. Stofnunin leggur áherslu á að leyfisskilyrði taki sérstaklega til vöktunar Varmár, viðbragðsáætlunar vegna frávika, takmörkunar rasks á framkvæmdatíma, mótvægisaðgerða gagnvart fuglalífi, vandaðs frágangs rasksvæða og öruggrar meðhöndlunar seyru og úrgangs.	

7 Umhverfis- og orkustofnun

Umsögn Umhverfis- og orkustofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
Varðandi áhrif af bættri meðferð skólps Stofnunin fagnar áformum Hveragerðisbæjar um umbætur til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hreinsunar skólps frá bænum. Vænt má að áhrif framkvæmdarinnar verði góð á vatn og vatnavitkerfi, að því gefnu að hún heppnist vel og nýjum innviðum verði vel sinnt. Stofnunin vekur athygli á að sveitarfélög bera ábyrgð á og eiga að tryggja fullnægjandi fráveitu í þéttbýlinu, samanber lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fyrir þéttbýlið Hveragerði er krafa um tveggja þrepa hreinsun á skólpi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Leiði vöktun og ástandsmat með hliðsjón af lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hins vegar í ljós að ástand árinna sé viðkvæmt fyrir losun næringarefna kann að að kalla á þriggja skólphreinsun sbr. 6. grein reglugerðarinnar. Greinargerðin bendir til þess að sveitarfélagið sé þegar búið undir þann möguleika, enda er þar vísað í skólphreinsikröfur í viðauka II við reglugerðina. Sá viðauki lýsir kröfum til skólphreinsunar þar sem losað er í vatnshlot sem eru viðkvæm fyrir næringarefnum.	Ekki er þörf á viðbrögðum.
Umhverfis- og orkustofnun bendir á að mat á magni skólps til stöðvarinnar eru ekki sett í samhengi við sviðsmyndir um framtíðarþróun þjónustuvæðis fráveitunnar. Né er fjallað um fyrirhugaða útfærslu með hliðsjón að sjónarmiðum um aðlögunarhæfni og stækkunarmöguleika stöðvarinnar. Skólphreinsistöð er fjárfesting til áratuga, og skortur á slíkum greiningum gæti orðið til þess að hreinsistöðin skili ekki árangri í samræmi við væntinga.	Mismunandi sviðsmyndir hafa verið skoðaðar við forhönnun á stöðinni. Gætt hefur verið að því að hafa opna stækkunarmöguleika á öllum hreinsiprepum stöðvarinnar. Þá er gert ráð fyrir tvöföldu öryggi á hreinsibúnaði þar sem möguleiki er fyrir hendi.
Stofnunin bendir einnig á atriði sem varða mælingar og vöktun á skólphreinsistöðinni. Minnst er á rennslismæli í greinargerð framkvæmdaraðila, en benda má á að samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólphreinsun skal einnig gera ráð fyrir aðstöðu til að taka sýni sem endurspegla vel skólpið sem fer um stöðina. Slík aðstaða skal vera við hvort tveggja aðstreymi og fráflæði stöðvarinnar.	Mælingar og sýnatökur verða í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Í forhönnun er gert ráð fyrir sýnatökubrunni við útrennsli út í Varmá. Þá er brunnur staðsettur við innrennsli.
Stofnunin minnir á hlutverk sveitarfélaga samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Öll straumvatnshlot skulu vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og ber sveitarfélaginu að tryggja að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist. Vistfræðilegt ástand Varmár (vatnshlot númer 103-792-R), sem tekur við skólpi frá fyrirhugaðri skólphreinsistöð, hefur ekki verið metið en efnafræðilegt ástand hefur verið metið gott í kjölfar vöktunar forgangsefna árið 2019-2020. Ástand vatnshlota má ekki hraka og ef slíkt gerist ber sveitarfélaginu að grípa til aðgerða og draga úr álagi á vatnshlotið. Losun skólps vegur þungt í álagi á Varmá, og niðurstöður vöktunarinnar og ástandsmat gætu haft áhrif á fýsileika ólíkra valkosta við útfærslu skólphreinsunar. Stofnunin hvetur því sveitarfélagið til að ljúka sem fyrst þeirri vinnu	Hveragerði mun halda áfram vinnu við að meta ástand Varmár. Vöktun er í gangi samkvæmt vöktunaráætlun núverandi starfsleyfis stöðvarinnar. Þá er í gangi verkefni með Hafrannsóknarstofnun um að meta lífríki Varmár fyrir og eftir stækkun stöðvarinnar.

Umsögn Umhverfis- og orkustofnunar	Viðbrögð Hveragerðisbæjar
sem þarf til að meta vistfræðilegt ástand Varmár í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Slík vinna er hafin undir hatti hins svokallaða Icewater verkefnis.	
Þó efnafræðilegt ástand Varmár flokkist nú sem gott samkvæmt niðurstöðum á vöktun forgangsefna á lista III í rlg. nr. 798/1999 um varnir gegn mengun vatns má benda á að nú liggur fyrir að breytingar eru væntanlegar á fjölda efna og styrk þeirra í vatni sem geta haft áhrif á mat á efnafræðilegu ástandi Varmár. Sveitarfélagið gæti því viljað huga að aðlögunarhæfni skólphreinsistöðvarinnar, t.a.m. með tilliti til hreinsunar lyfjaleifa og plöntuvarnarefna.	Nægt landsvæði er innan lóðar til að bæta hreinsiprepum við stöðina ef til þess kemur.
Varðandi áætluð áhrif á framkvæmdatíma Mat framkvæmdaraðila er að áhrifin af framkvæmdinni, þar með talin röskunum á samfelli rekstrar núverandi skólphreinsunar, verði ekki veruleg eða varanleg með tilliti til gæðapátta laga um stjórn vatnamála. Stofnunin telur ekki þörf á að gera frekari athugasemdir við þessi atriði, hafi framkvæmdaraðili horft til viðmiða um betu aðgengilegu tækni við mótun tillaga að framkvæmdarfyrirkomulagi.	Vöktunar- og viðbragðsáætlanir verða settar fram í tengslum við leyfisveitingar á seinni stigum og verður m.a. horft til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur upp í umsögn sinni hér á undan.
Niðurstaða Meginniðurstaða stofnunarinnar er að skilyrði um greinargóðar útlistanir séu í meginatriðum uppfyllt. Að teknu tilliti til umfangs og eðlis ofangreindrar framkvæmdar og þess að framkvæmdinni er ætlað að tryggja betri hreinsun á skólpi frá Hveragerðisbæ er það mat Umhverfis- og orkustofnunar að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.	Ekki er þörf á viðbrögðum.